

## Athugasemd frá Jóni Óla Ólafssyni

**Til** : Berglind Guðmundsdóttir  
**Frá** : vatnasport@vatnasport.is  
**Heiti** : Athugasemd frá Jóni Óla Ólafssyni  
**Málsnúmer** : 1211376  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 25.04.2018 20:07:07  
**Höfundur** : vatnasport@vatnasport.is

### Góðan dag.

Ég og mín fjölskylda mótmælum harðlega fyrirhugaðri lagningu Ásvallarbrautar í það vegstæði sem skipulagsyfirvöld vilja endilega keyra í gegn þess fyrir ofan hesthúsin. Það er ekki til sú gerð af hávaðavörnum sem mun koma okkur íbúum að gagni til að verjast þeim gríðarlega umferðarhávaða sem mun fylgja í kjölfarið. Íbúum og þá sérstaklega börnum mun stafa mikil hætta af þeirri miklu umferð sem kemur til með að vera um þessa braut. Kyrrðin hér er dýrmæt og mun verða dýrmæt þegar fyrirhugaðar lóðir Áslands 4 og 5 koma í sölu. Skil ekki þennan ótrúla staðfasta vilja ráðamanna til þess að keyra þessa braut hér í gegn nema jú til þess að bæta íbúum Vallanna það slys sem varð við skipulagningu umferðarmannvirkja þess hverfis. Einnig hefur ekkert gengið að selja lóðirnar í Smárahlíð því kvaðir og skilyrði sem sett eru á lóðareigendur þar eru í besta falli fáránlegar og ekki seljast þessar lóðir því enginn hefur tíma til þess að þræða hringtorg Vallanna til að komast inn og út úr hverfinu.

Auðvitað þarf að leggja nýja vegi til þess að anna auknum umferðarpunga - það segir sig sjálf. En hvernig dettur langskólagengnu fólki það í hug að leggja veg sem um fara 15.000 bílar á dag nánast í garðinn hjá fólki sem mun aldrei getað varið sig fyrir hávaðanum sem mun óhjákvæmilega fylgja? Húsin hér í Áslandi 3 standa öll mun hærra en þessi fyrirhugaða braut. Engin hljóðmön mun virka - hvernig dettur fólki það jafnvel í hug?

Það er alltof mörgum spurningum ósvarað varðandi þetta mál. Enginn er þessu samþykktur nema jú íbúar Vallanna því þetta mun verða kærkomið fyrir þá en hryllilegt fyrir okkur. Svo mun hluti af þunga Reykjanessbrautar flytjast á þessa braut.

Lækkun fasteignaverðs húsa hér í Áslandi 3 mun auðvitað fylgja í kjölfarið. Allt er nú reiknað en enginn hefur reiknað út tap íbúanna hér.

Þetta hverfi skilar líklega hvað mestum fjármunum til bæjarins í formi fasteignaskatta og mér persónulega finnst þessi þungi vilji bæjaryfirvalda að leggja þennan veg hérna nánast inná okkar lóðum vera óskiljanlegur og forkastanlegur. Mótmælin og andstaðan eru mikil en það á ekki að beygja af braut heldur ætla kjörnir fultrúar bæjarbúa að keyra þetta í gegn hvað sem tautar og raular.

Að mínu viti er algjört glapræði að ráðast í þessa framkvæmd og ég mótmæli henni harðlega.

Jón Óli Ólafsson  
Vinnuþjarkur  
Hlíðarás 21  
822 4060